

**Mál nr. 41/2011**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar E**

**Kona var að þrifa í vinnusal og slasaðist þ. 13.5.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 7.2.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 21.2.2011

**Málsatvik.**

Í tilkynningu um slys til Tryggingarstofnunar ríkisins og Vinnueftirlits segir að M hafi verið að þrifa band í vinnusal hjá E en M var starfsmaður hreingerningarfyriertækis. M segir að eitt hjólið á bandinu hafi lent ofan á rist hennar og hafi bandið dottið ofan á M og hún meiðst á fótum. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi leitað til læknis þ. 13.5.2004 og segir að hún virðist samkvæmt pappírnum hafa rekið sig í færiband og leitaði hún til læknis vegna mars á kálfa og læri. Í matsgerð lýsir M slysinu þannig að hún hafi verið að þrifa bandið þegar eitt hjól þess lenti ofan í ræsi og datt ofan á M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá E og bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits innan tilskilins frests og E hafi ekki látið neina rannsókn fara fram á slysi M. Af hálfu M er því haldið fram að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar á vinnustað E og aðstæður þar verið stórhættulegar fyrir starfsfólk. Þá er vísað til reglugerðar nr. 922/2006 og 581/1995 og 13.gr. laga nr. 46/1980. V hafnar bótaskyldu og bendir á að gögnum beri ekki saman um aðdraganda slyssins svo sem V rekur. V bendir á að umrætt band hafi ekki verið í notkun og því óþarfi að þrifa það og orsök slyssins sé ósönnuð og engin vitni hafi verið að slysinu. Þá bendir V á að E hafi ekki verið kunnugt um slysið fyrr en degi síðar en þá hafi fyrirsvarsmenn E fengið fregnir af því með óformlegum hætti, en vinnuveitandi M sem kunnugt hafi verið um slys M löngu á undan fyrirsvarsmönnum E hafi hvorki tilkynnt það til lögreglu né kallað eftir rannsókn á slysinu. V mótmælir því að um vanbúnað hafi verið að ræða á umræddum vinnustað hjá E og jafnframt telur V að ósannað sé að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi E.

**Álit.**

Nokkurs misræmis gætir í lýsingu M á tildrögum og aðdraganda slyssins. Óljóst er hvað nákvæmlega gerðist í umrætt sinn, en samt verður ekki annað séð en einhver færsla eða snerting hafi orðið við færibandinu sem um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að um vanbúnað hafi verið að ræða eða tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi E, starfsmanna E eða annarra sem E ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 15.3.. 2011.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Póra Hallgrímsdóttir hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.